

Ed.

520. Lög

um dýrtíðaruppbót handa embættis- og sýslunarmönnum landssjóðs.

(Afgreidd frá Ed. 16. júlí).

1. gr.

Fyrst um sinn og meðan verðhækkun sú, sem nú er á lífsnauðsynjum, stendur eða breytist ekki að verulegum mun, þannig að lífsnauðsynjar lækki í verði, veitir landssjóður dýrtíðaruppbót á launum og eftirlaunum, eftir því sem segir í lögum þessum.

Dýrtíðaruppbót veitist með þeim undantekningum, sem greinir í lögum þessum:

1. Embættismönnum landsins, hvort sem þeir eru konunglegir embættismenn eða skipaðir af ráðherra, og veitist að eins af föstum embættislaunum þeirra, greiddum úr landssjóði, sbr. þó 4. tölul.
2. Þeim, er eftirlauna eða styrktarfjár njóta samkvæmt eftirlaunalögum eða fjárlögum (18. gr.), svo og þeim, er biðlaun hafa.
Dýrtíðaruppbót af eftirlaunum og styrktarfje veitist að eins af þeirri upphæð, sem greidd er úr landssjóði.
3. Sýslunarmönnum landsins, sem störf hafa í þarfir landsins að aðalavinnuvegi. Hafi þeir fleiri störf en eitt á hendi í landsins þarfir, greiðist dýrtíðaruppbótin að eins af launum fyrir það starfið, sem telja má aðalstarf sýslunarmannsins.
4. Prestum, hvort sem þeir njóta launa samkvæmt lögum nr. 46, 16. nóv. 1907, og lögum nr. 49, 11. júlí 1911, eða eldri lögum. Nær dýrtíðaruppbótin til fastra launa, sem greidd eru úr landssjóði eða prestlaunasjóði, og sóknargjalda presta eftir eldri lögum. Þó skal jafnan draga frá dýrtíðaruppbót presta, sem hafa ábúð á kirkjuförð og afgjald hennar er metið til

fasts peningagjalds upp í laun þeirra, sama hundraðshluta af afganginu eins og dýrtíðaruppbótin er reiknuð eftir.

5. Landsfjehirði og starfsmönnum hans og skrifstofustjóra Alþingis, svo og öllum starfsmönnum Landsbókasafnsins. Svo heimilast og stjórn Landsbankans að greiða bókara og fjehirði bankans dýrtíðaruppbót eftir lögum þessum.
6. Öllum föstum kennurum við fasta skóla, jafnvel þótt þeir falli eigi undir neinn hinna framantöldu flokka, ef kensla verður að teljast aðalstarf þeirra, svo og stundakennurum landsskólanna. Enn fremur þeim tveimur aðalmönnum, sem vinna að samningu íslensku orðabókarinnar.

Einhleypir menn, sem ekki hafa dúk og disk, fá enga dýrtíðaruppbót ef árslaun þeirra nema 3000 kr. eða meiru. Ef laun þeirra eru lægri fá þeir tvo þriðju hluta þeirrar uppbótar, sem ræðir um í 2. gr.

Þeir, sem hafa frá 2375 kr. til 3000 kr. á ári, fá dýrtíðaruppbót þannig, að launin og uppbótin samanlögð verði 3000 kr.

Auk dýrtíðaruppbótar þeirrar, sem talin er í 2. gr., fær dómstjórinn í landsyfirrjettinum sjerstaklega 500 kr. dýrtíðaruppbót.

2. gr.

Dýrtíðaruppbótin reiknast af laununum sem hjer segir:

- a. Af fyrstu 1000 krónunum eða minna 60%.
- b. Af því, sem þar er fram yfir upp í 2000 kr., skulu þeir, sem hafa undir 4500 kr. árslaun, fá 30%, en þeir, sem hafa frá 4500 kr. til 4800 kr., fá dýrtíðaruppbót af öðru þúsundinu þannig, að launin og uppbótin samanlögð verði 5400 kr.
- c. Af því, sem fram yfir er 2000 kr. upp að 3500 kr., greiðist 10%.

Hjeraðslæknar og aðstoðarlæknar fá sjer í lagi 60% dýrtíðaruppbót af aukatekjum sínum og þingmenn 40% uppbót af daglegri þóknun þeirra, og nær hvorttveggja til alls ársins 1918.

3. gr.

Nú hefir sá, er nýtur dýrtíðaruppbótar samkv. 1. og 2. gr., börn eða foreldri á skylduframfæri, enda geta eigi slíkir framfæringar hans unnið að fullu fyrir framfæri sínu, og skal þá bæta við dýrtíðaruppbót hans 50 kr. fyrir hvern framfæring, hafi framfærslumaður ekki 4000 kr. í árslaun eða þar yfir.

4. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að verja, eftir tillögum póstmeystara, alt að 25000 kr. á ári úr landssjóði til dýrtíðaruppbótar handa póstum.

5. gr.

Dýrtíðaruppbótin greiðist árlega í tvennu lagi eftir á fyrir hverja 6 mánuði.

6. gr.

Stjórnarráðið úrskurðar um öll vafaatriði út af lögum þessum, og verða þau eigi borin undir dómstólana.

7. gr.

Lög þessi gilda frá 1. júlí 1918, og falla frá sama tíma úr gildi lög nr. 59, 26. okt. 1917, um dýrtíðaruppbót handa embættis- og sýslunarmönnum landssjóðs.